

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2012

2012/EES/70/18

frá 28. september 2012

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýs-
ingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/978/ESB frá 16. desember 2009 um breytingu á ákvörðun 2002/622/EB um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5ch (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0978:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/978/ESB frá 16. desember 2009 (Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/978/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 50.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.